Gönguleiðir um Kerlingarfjöll

VELKOMIN Í KERLINGARFJÖLL

Kerlingarfjöll eru fjallaklasi á sunnanverðum Kili, skammt frá Hofsjökli á vatnaskilum Hvítár og Þjórsár. Fjöllin og nágrenni þeirra eru friðlýst sem landslagsverndarsvæði, alls 344 km² og þar af er megineldstöð Kerlingarfjalla um 140 km². Hér má finna þyrpingu tinda og eggja og einstakt öræfalandslag. Hæstu tindarnir eru í um 1500 m hæð yfir sjó og setja þeir mikinn svip á landslagið við Kjöl. Árnar Ásgarðsá, sem rennur í Hvítá, og Kisa, sem rennur í Þjórsá, skipta fjöllunum nánast í tvo klasa, vestur- og austurfjöll. Fjöllin draga nafn sitt af klettinum Kerlingu, sem er 25 m hár móbergsdrangur sem stendur í ljósri líparítskriðu sunnan í Kerlingartindi í vestanverðum fjöllunum. Í austurfjöllunum er hæsti og hrikalegasti hluti svæðisins. Hæstu tindarnir eru Loðmundur (1432 m), Fannborg (1458 m) og Snækollur (1477 m).

Mikil eldvirkni var hér á síðustu ísöld en engin ummerki eru um eldvirkni frá lokum ísaldar (síðustu 12.000 ár). Stór skeifulaga gosaskja liggur utan um austurfjöllin, sem öll hlóðust upp í eldgosum undir jökli innan öskjunnar fyrir a.m.k. 70.000 árum. Í hlíðum sumra fjallanna eru smájöklar sem hafa minnkað mjög á síðustu áratugum. Farvegur Ásgarðsár er um þröngt gil hið efra sem opnast í lítinn dal skömmu áður en áin rennur í Jökulfallið.

Megineldstöð Kerlingarfjalla nærir eitt af öflugri háhitasvæðum landsins, staðsett í miðjum fjallaklasanum. Jarðhitasvæðið í Hveradölum greinast í Vesturdali, Miðdali og Austurdali. Hverirnir þar eru gufu-, vatns- eða leirhverir. Mikil samfelld ummyndun í berg- og jarðgrunni einkennir hverasvæðin auk þess sem sérstæður gróður vex í nágrenni við hverina.

UMGENGNISREGLUR OG VIÐVARANIR

Kerlingarfjöll eru hálendissvæði í yfir 600 metra hæð. Veðurgeta þar breyst fljótt á öllum árstímum.

Fylgja skal merktum gönguleiðum og virða merkingar, reglur, takmarkanir og lokanir fyrir umferð þar sem það á við.

Umferð reiðhjóla er heimiluð á öllum gönguleiðum, að undanskildum leiðum í Neðri-Hveradölum og á Ásgarðsfjalli. Þar sem leiðin liggur utan í Kerlingu á að teyma reiðhjól. Á gönguleiðum skal forðast allt brun í brekkum.

Innan hverasvæðisins er landslagið sérstakt og mjög mikilvægt að sýna aðgát. Ný hitasvæði geta opnast og undir yfirborði leynast sjóðandi hverir.

Vaxtartími gróðurs er stuttur og er hann afar viðkvæmur fyrir raski.

Farsímasambönd er víðast hvar á svæðinu en getur verið ótryggt.

Mælt er með að skilja eftir ferðaáætlun á www.safetravel.is

Í neyð, hringið í 112. In emergency, call 112.

Gönguleiðir frá Ásgarði

A. NEÐRI-HVERADALIR - 10 KM

Leiðin er stikuð. Hækkun um 400 m. Erfiðleikastig rautt. Leiðin endar norðan við Neðri-Hveradali, skammt frá Snorrahver, við Hveradalahringinn (sjá leið F).

Þjónustumiðstöð Ásgarði (N 64° 40.998 V 19° 17.985)

Hveradalahringur (Snorrahver) (N 64° 38.96 V 19° 18.139)

Lagt er af stað frá þjónustumiðstöðinni í Ásgarði og haldið sem leið liggur yfir Ásgarðsá á brú. Þegar komið er yfir ánna er merktri gönguleið fylgt upp malarásinn og þaðan á brattann fram hjá Hveradalahnjúki vestan megin. Þetta er falleg göngleið og ber ferðamanninn upp að Neðri-Hveradölum þar sem hún mætir gönguleið sem fer hring í Neðri-Hveradölum (sjá Hveradalahringur). Á leiðinni er ekki úr vegi að staldra við í góðu veðri og horfa í norður því víðsýnt er bæði norður Kjöl sem og vestur yfir Kerlingarfjöll og í átt að Hvítárvatni. Þessi gönguleið er á færi flestra enda fjölfarin af ferðamönnum sem heimsækja Kerlingarfjöll. Af leiðinni eru tvær stikaðar leiðar sem taka okkur hringinn í kringum Mæni eða að Kerlingu (sjá kort). Hjólreiðar eru ekki heimilar í Hveradölum.



B. ÁSGARÐSFJALL - 2,5 KM

Leiðin er stikuð. Hækkun rúmir 200 m. Erfiðleikastig blátt. Gera þarf ráð fyrir 1-2 klst í leiðina fram og til baka.

Leiðin á Ásgarðsfjall er auðveld. Gönguleiðin hefst við þjónustumiðstöðina og liggur á milli gistishúsanna sunnan við þjónustumiðstöðina og áfram inn að litlu gili. Þar er farið upp og komið að vegslóðanum upp á Keis. Gengið er upp fjallið í suð-austur og tekin vinstri beygja í norður upp eftir hryggnum á fjallinu. Ágætt útsýni er frá Ásgarðsfjalli yfir norðan verðan Kjöl og í átt að Hofsjökli. Enn fremur er góð yfirsýn yfir austari fjöllin í Kerlingarfjöllum sem og norð – vestur yfir Kjöl að Hrútfelli og Hvítárvatni. Skemmtilegar móbergsmyndanir eru á toppi fjallsins.



C. SKUGGAFOSS - 15 KM

Leiðin er stikuð. Hækkun um 100 m. Auðveld ganga. Erfiðleikastig blátt. Gera þarf ráð fyrir 5 -6 klst í leiðina fram og til baka.

Skuggafoss (N 64° 42.424 V 19° 11.257)

Skuggafoss fellur í þröngu gili í Jökulfallinu sunnan við Blágnýpu skammt frá Hofsjökli. Gönguleiðin liggur fyrstu 1,5 km eftir vegslóðanum að Setrinu. Þvera þarf nokkra læki í byrjun en eftir það er haldið í austurátt upp eftir og meðfram Jökulfallinu. Eftir rúma 5 km er komið að Skuggafossi og þar er upplagt að setjast niður og njóta fegurðarinnar í nágrenni Hofsjökuls. Fossinn er stórbrotinn og fallegur þar sem hann fellur í þröngu gili.

D. HVINUR – FOSSRÓFUR - 15 KM

Leiðin er stikuð. Hækkun er um 40 m. Auðveld ganga. Erfiðleikastig blátt. Gera þarf ráð fyrir 2 -3 klst í leiðina fram og til baka.

Brúin á Jökulfallinu hnit (N 64° 42.19 V 19° 23.7)

Gönguleiðin hefst við brúnna þar sem afleggjari Kerlingarfjalla og Leppistunguleið mætast. Gengið er meðfram Jökulfallinu frá Hvin að Fossrófum. Jökulfall rennur í miklum gljúfrum allt frá fossinum Hvin og niður að Fossrófum. Haldið er niður eftir norðan megin við Jökulfallið. Gengið er meðfram ánni að Gígjafossi. Þar er vert að staldra við og skoða þenna fallega foss þar sem Blákvíslin og Jökulfallið mætast. Næsti hluti leiðarinnar liggur áfram með Jökulfallinu, sunnan flugvallar, og niður að Fossrófum. Spölurinn niður að Fossrófum leiðir okkur fram hjá Skipholtskrók en þar hefur staðið yfir leit að hinum heilaga bikar (e. holy grail) sem notaður var í síðustu kvöldmáltíðinni.



E. KERLING - 7,5 KM (FRÁ LEPPISTUNGULEIÐ)

Leiðin er stikuð. Hækkun um 150 m. Auðveld ganga. Erfiðleikastig blátt. Gera þarf ráð fyrir 2-3 klst göngu fram og til baka.

Bílastæði við Skeljafell (N 64° 39.489 V 19° 24.096)

Kerling í Tindi (N 64° 38.164 V 19° 23.193)

Ekinn er merktur vegslóði, (Leppistunguleið) að Fremri-Ásgarðsá og að Skeljafelli. Merkt bílastæði er skammt frá ánni. Frá bílastæðinu er gengið milli Skeljafells og Tinds stikaða gönguleið að Kerlingu. Kerlingin er um 24 m hár móbergsstapi sem Kerlingarfjöll eru nefnd eftir. Tignarlegt er að standa hjá móbergsstapanum og rifja upp þjóðsögur af tröllkerlingu sem varð að steini. Val er um leiðir til baka og hægt að ganga stikaða leið upp á Skeljafell, eða vestur fyrir og koma Leppistunguleið til baka að bílastæðinu. Sé gengið upp á Skeljafell bætist við um 250 metra hækkun. Einnig er hægt að ganga stikaða leið að Kerlingu frá Ásgarði (sjá kort).




Séð yfir Vesturnýpu

Neðri-Hveradalir

Heiðlóa

Frá bílastæðinu við Keis

F. HVERADALAHRINGUR GÖNGULEIÐ Í NEÐRI – HVERADÖLUM - 4 KM

Hringleið með hliðarstígum. Leiðin er stikuð. Hækkun um 100 m. Nokkuð erfið ganga upp og niður, þrep og stígar geta verið hálir. Erfiðleikastig rautt. Gera þarf ráð fyrir 1 -2 klst ef allur hringurinn er genginn

Bílastæði við Hveradalina (N 64° 38.787 V 19° 16.744)

Gengið er frá bílastæði við Hveradalina og fram á brún þar sem leiðin liggur niður tröppur. Í Neðri – Hveradölum er gönguleiðin merkt og afmörkuð að hluta, auk þess sem hún liggur yfir Ásgarðsá á tveimur göngubrúm. Tröppur hafa verið útbúnar á gönguleiðinni í leirbrekkur svæðisins. Hér má sjá heitar laugar, leirhveri, soðpönnur, gufuhveri og gufuaugu svo þéttstað að furðu sætir. Litadýrðin er einstök sem skapast af fjölbreytilegum útfellingum af brennisteini og söltum. **Svæðið er mjög viðkvæmt og mikilvægt að halda sig á göngustígum.** Neðri – Hveradalir eru lítið grónir en þar finnast þó nokkrar mosategundir sem og flétturnar hamranafli og svarðskjóða sem hafa hátt verndargildi. Óheimilt er að hjóla í Hveradölum sökum afar viðkvæms jarðvegs.

G. FANNBORG, VESTURNÝPA, SNÆKOLLUR, SNÓT OG LOÐMUNDUR - 9 KM

Fjallaleið á hæstu tinda Kerlingarfjalla. Leiðin er ekki stikuð. Samtals hækkun um 650 m. Krefjandi ganga en vel fær megin hluta sumars. Erfiðleikastig svart. Ganga á Loðmund er ekki fyrir lofthrædda. Gera verður ráð fyrir 5 - 6 klst. í ferðina.

Bílastæði á Keis (N 64° 39.073 V 19° 15.295)

Snækollur (N 64° 38.620 V 19° 13.725)

Gangan hefst við bílastæðið á Keis við hús/skúr sem nefnt er Kastali. Þaðan er gengið eftir lípart (rýolít) hrygg í suð-vestur og að rótum Fannborgar. Lagt er á fjallið vestanvert og fylgt göngustíg upp á fjallið vestan megin. Frá Fannborg er gengið í austur átt á Vesturnýpu og sést göngustígurinn vel vestan í því fjalli. Eftir Vesturnýpu er gengið að Snækolli með viðkomu hjá klettinum Úrilli. En það er fallegur klettur og ágætur hvíldar og nestisstaður. Snækollur er hæsti tindur fjallanna og er um 1477 m hár. Þar er afar víðsýnt til allra átta enda standa Kerlingarfjöll nánast í miðju landinu. Í góðu og tæru skyggni má sjá til hafs í vestur og norður. Gengið er niður af Snækolli austan megin og þaðan liggur leiðin niður á Snót. Frá Snót er gengið í norður eftir hrygg sem ber okkur að Loðmundi. Gangan á Loðmund er brött og krefjandi og klifurganga í lokin. Þar er vír sem hjálpar til við síðustu metrana.

Neðri-Hveradalir

Loðvíðir í mosagróinni hlíð

F.h.: Mænir, Ögmundur, Höttur og Röðull.

Móberasdrangurinn Kerling

Þriggja daga hálendisganga frá Ásgarði

H. HRINGBRAUTIN - 45 KM

Hringleið í kringum Kerlingarfjöll. Krefjandi gönguleið með þremur dagleiðum og gistimöguleikum í skálum í Kisubotnum og við Klakk. Taka verður með allan búnað, engin þjónusta er í skálum á leiðinni og vaða þarf ár á öllum þremur dagleiðum. Hringleiðin er tilvalin leið fyrir fjallahjól, en þá þarf að hjóla vestur fyrir Mæni (sjá kort) þar sem óheimilt er að hjóla um Hverabotn og Neðri-Hveradali.

1) Dagleið: Ásgarður – Kisubotnar ca 15 km.

Gengið frá Þjónustumiðstöðinni í Ásgarði merkta gönguleið í átt að Ásgarðsfjall. Þegar komið er upp á vegslóðann sem liggur upp í fjöllin er hann genginn í suður ca 2 km meðfram Ásgarðsgljúfri. Eftir það er farið í austurátt niður fyrir neðan Keis og haldið áfram norðan megin við Loðmund. Síðan er gengið austur fyrir Loðmund og haldið í suðurátt að Kisubotnum. Þetta er auðveld gönguleið. Upphækkun er lítil en yfir nokkrar sprænur að fara þannig að gott er að hafa með vaðskó. Við Kisubotna er lítill skáli og ágætt tjaldstæði. **Leiðin er stikuð nema á aurunum undir Loðmundi.**

Skáli í Kisubotnum (N 64° 36.509 V 19° 8.445)

2) Dagleið: Kisubotnar – Klakkur ca 11 km

Þetta er stutt dagleið en vaða þarf yfir ánna Kisu. Frá skálanum í Kisubotnum er gengið í suður og svo vestur að Kisu. Þegar komið er að ánni blasir við gil, hægra megin, sem skemmtilegt er að ganga inn í og skoða áður en haldið er áfram. Þegar yfir Kisu er komið er haldið upp slakka í áttina að Kisugljúfrum. Kisugljúfur eru stórbrotin og hrikaleg gljúfur sem vert er að skoða. Gæta þarf sérstakrar varúðar við gljúfrin. Gengið er áfram til vesturs að Klakk og að Klakksskála. **Leiðin er stikuð.**

Vað á ánni Kisu (N 64° 35.238 V 19° 8.022)

Skáli við Klakk (N 64° 34.027 V 19° 16.419)

3) Dagleið: Klakkur – Ásgarður (Neðri Hveradalir) ca 19 km.

Klakkur – Ásgarður (Neðri Hveradalir) ca 23 km. Þetta er lengsta og erfiðasta dagleiðin en býður upp á mikla litadýrð og fallega fjallasýn. Frá Klakksskála er farið upp í skarðið milli Ögmundar og Hattar. Í fyrstu er gengið yfir mela og grjótholt og yfir Kerlingarárgil. Þar verður að vaða Kerlingará. Eftir að yfir skarðið milli Ögmundar og Hattar er komið tekur Sléttaskarð við, þar er hægt að velja hvort menn fara vestan eða austan við Mæni. **Athugið að hjólandi skulu ávallt fara vestur fyrir Mæni þar sem ekki má hjóla í Hverabotni og Hveradölum.** Þeir sem fara vestan við Mæni koma inn á gönguleið sem tekur þá að Hveradalahnjúk og eiga þá ca 3 km eftir í Ásgarð. Þeir sem fara austan við Mæni ganga í Hverabotna, sem er eitt litiríkasta hverasvæði landsins. Þaðan er haldið upp á Hveradalaskyggni og niður í Neðri- Hveradali og svo áfram niður í Ásgarð. **Leiðin er stikuð að mestu leyti.**

Útgefandi: **Umhverfisstofnun © 2023**
Kortagerð og umbrot: **Alta ehf**
A1357-011-003
Grunnkort byggt á gögnum Landmælinga Íslands og ArcticDEM.
Ljósmyndir: **Umhverfisstofnun og Alta ehf**
Leiðarlýsingar: **Kerlingarfjallavinir og Fannborg ehf.**


19°30,0'W
19°24,0'W
19°18,0'W
19°12,0'W
19°6,0'W
19°0,0'W
64°42,0'N
64°36,0'N
Bílastæði
Salernisaðstaða
Þurrsalerni
Tjaldsvæði
Veitingasala
Gisting
Vað
Útsýni
Skáli
Hjólreiðar bannaðar
Gönguleiðir
Auðvelt
Krefjandi
Erfitt
Vegir
Malarvegur
Illfær vegur
Torleiði
Annað
Skáli / mannvirki
Friðlýsingarmörk
Friðlýsingarmörk eru hlíðrað að hluta að norðanverðu fyrir framsetningu
Suðurhraun
Svartá
Fossrófur
Fossrófulækur
Grímslækur
Blákvísl
Blágnípuver
Blágnípa
Blágnípujökull
Krókaöldur
Krókaver
Urðargnípur
Blágnípukvísl
Skuggafoss
Skuggafljót
Blágnípusporður
Jökulfall
Smyrilshamar
Hnappalda
Flugvöllur
Gygjarfoss
Skipholtskrókur
Innri-Skúti
Hvinur
Ásgarður
Ásgarðsfjall
Sælufoss
Ásgarðsdalur
Ásgarðsgljúfur
Fremri-Ásgarðsá
Innri-Ásgarðsá
Jökulkrókur
Kerlingardalsá
Hálsmúlavatn
Þverá
Hraunsá
Klofafell
Brattalda
Þverfell
HOFSJÖKULL
Blautkvísl
Illahraun
Illahraunsvatn
Eiríksnýpa
Mosdalskambur
Trollabarmur
Loðmundur
Aldísarhliðar
Loðmundarjökull vestri
Loðmundarjökull austur
Snjógil
Hveradalur
Hveradalahnúkur
Keis
Kastali
Bringur
Fannborgarjökull
Snækollur
Fannborg
Vesturnýpa
Snót
Fannborgartagl
Skessujökull
Snorrahver
Giljabrún
Mænir
Mænisjökull
Grænadjúm
Skeljafell
Tindur
Tindaklikkja
Gyðjalda
Mosfell
Mosfellshæls
Kerling
Kúpa
Slétturskarð
Hverabotn
Ögmundur
Höttur
Röðull
Kerlingarskyggnir
Langafönn
Botnajökull
Dalabotnar
Gylfi
Kisubotnahnúkur
Kisubotnaskáli
Efri-Kisubotnar
Kisufell
Kisugljúfur
Neðri-Kisubotnar
Brikagil
Sandfell
Finnboganaddur
Setur
Setrið
Setuhraun
Innriseta
Fremriseta
Kisuhraun
Fjórðungssandur
Kerlingardalur
Kerlingardalsfoss
Kerlingarargil
Vondagil
Kerlingardalsalda
Grákollur
Kerlingargljúfur
Kerlingará
Svarthyrna
Klakksvík
Klakksholl
Draugafell
Draugagil
Draugakvísl
Klakkur
Klakksskáli
Klakksklif
Vestri-Rauðkollur
Eystri-Rauðkollur
Rauðkollakvísl
Múlar
Klakksalda
Dalaver
Brúnir
Kóngsgil
Innri-Ásgarðsá
Mænisjökull
Fremri-Búðafjall
Klakksvík
Neðri-Hveradalir
0 200 400 m
0 1 2 3 4 5 km
UMHVERFIS STOFNUN
A1357-001-U07